

**Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um takmörk verzlunar-
lóðarinnar í Grimsey.****112**
25. ág.

Með bréfi, dags. 4. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Grimsey, sem með lögum nr. 30, 8. nóv. 1883, varð löggiltur verzlunarstaður, ásamt tveim eintökum af uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Útaf þessu er hérmeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Grimsey, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hér segir:

Bein lína úr kletti vestanvert við Nedri-Sandvíkurlendingar (Vararkletti) 70 metra frá stórstraumsflóðmáli á land upp í merki í túninu suðvestan við Nedri-Sandvíkurbæ, þaðan lína, 220 metra, sem liggur í sveig eftir höfninni (70 metra frá stórstraumsflóðmáli) að merki í Efri-Sandvíkurtúni vestanvert við Efri-Sandvíkurbæ, og þaðan bein lína, 70 metra á lengd, í svonefnda Efri-Sandvíkurflúð (eða hlein); á aðra vegu sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar og endursenda yður annað eintakið af hinum framnefnda uppdrætti, skal lagt fyrir yður að sjá um, að uppdrátturinn verði geymdur með skjólum hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og haldi við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi.

**Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um skifting Skriðu-
hrepps í tvö sveitarfélög.****113**
25. ág.

Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 2. þ. m., hefir stjórnarráðinu borist ányjað erindi frá hreppsnefnd Skriðuhrepps um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfélög, ásamt meðmælum sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hérmeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, skipað svo fyrir sem hér segir:

1. Öxnadalur allur, að austan ofan að núverandi hreppamörkum, Bægisánni, að vestan ofan að landamerkjum Miðhálsstaða og Staðartungu, sem eru fjalls- og hálsbrúnin, úti Skinndráttargjá og þaðan beint austur til Öxnadalsár, sé hreppur út af fyrir sig og nefnist Öxnadalshreppur, en Hörgárdalur frá nefndum takmörkum, fram í gegn og ofan að hinum fornu hreppamörkum, sé hreppur út af fyrir sig og haldi nafninu Skriðuhreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Skriðuhrepps, þeim er verða, þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut hins nýja Skriðuhrepps komi $\frac{2}{3}$ hlutar, en í hlut Öxnadalshrepps $\frac{1}{3}$ hluti, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem

- 113** síðar kunna til að koma, og eiga rót sína í félagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sér stað milli hinna nýjn hreppa.
25. ág.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig skal kveða á um fjallskil og afrétti.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Skriðuhreppi, sem dómpinghá né manntalspinghá.

- 114** Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um breyting á ákvæðunum um skifting Fáskrúðsfjarðarhrepps.
26. ág.

Með bréfi, dags. 6. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað ánýjaðar tillögur sýslunefndar Suður-Múlasýslu útaf erindi, sem nefndinni hefir borist frá hreppsnefndum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps um breyting á ákvæðum þeim, sem sett eru í bréfi stjórnarráðsins, dags. 22. maí 1907, um skifting hins forna Fáskrúðsfjarðarhrepps í hina tvo nefndu hreppa.

Útaf þessu er hérmeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, gerð svofeld breyting á reglum þeim, sem settar eru í framannefndu bréfi stjórnarráðsins undir 2. tölul., um skifting eigna, skulda og sveitarþyngsla, að þeim sveitföstum íbúum hins forna Fáskrúðsfjarðarhrepps, sem eigi höfðu þegið sveitarstyrk áður en honum var skift, en síðar verða styrksþurfar, skuli framfleytt af þeim hinna nýju hreppa, sem þeir áttu heimilisfang í, er skiftin fóru fram.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar.

- 115** Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um hlunnindi fyrir sparisjóð Nesjahrepps.
23. sept.

Útaf beiðni, s m hingað hefir borist frá formanni sparisjóðs Nesjahrepps, Þórhalli Danielssyni kaupmanni í Höfn í Hornafirði, vill stjórnarráðið hérmeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. jan. næstkomandi hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að stjórnarnefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af árs-